

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 296/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Péttri Hauki Guðmundssyni**

(Valgeir Kristinsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuhraði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1991 að ósk dómfellda og einnig af hálfu ákærvaldsins. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að fésekt verði hækkuð. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá sakadómi, en til vara, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins. Þess er og krafist, að skipuðum verjanda verði tildæmd málsvarnarlaun.

Engir formgallar eru á ákæru eða meðferð málsins, er leiða eiga til frávísunar þess frá sakadómi.

Þegar ökuhraði bifreiðar ákærða var mældur með ratsjá úr lögreglubifreiðinni, sem var á ferð, sýndi ratsjain 101 km hraða miðað við klst. Var bifreið ákærða því stöðvuð. Þá sagði ákærði, að hann hefði talið sig vera á um 85 km hraða.

Tilgáta ákærða um, að mistök hafi átt sér stað við hraðamælinguna á þann hátt, að ratsjártækið hafi verið stillt miðað við kyrrstöðu lögreglubifreiðarinnar, hlýtur því að byggjast á þeirri forsendu, að henni hafi verið ekið á 15-16 km hraða. Í skýrslu lögreglu-mannanna er ekkert skráð um hraða lögreglubifreiðarinnar, en ekkert bendir til, að tilgáta ákærða fái staðist.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þessari athugasemd.

Samkvæmt þessu verður ákærða gert að greiða áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Pétur Haukur Guðmundsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. maí 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 16. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 262/1991: Ákærvaldið gegn Pétri Hauki Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 6. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. desember sl., á hendur ákærða, Pétri Hauki Guðmundssyni, til lögheimilis að Svalbarða 3, Hafnarfirði, en með dvalarstað að Einarsnesi 40, Reykjavík, kt. 060748-4899, „fyrir að aka að kvöldi sunnudags 12. ágúst 1990 bifreiðinni R-76966 vestur Ártúnsbrekku í Reykjavík með allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli við Elliðaár.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 625, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

### Málavextir.

Sunnudaginn 12. ágúst 1990 um kl. 23.35 ók ökumaður bifreiðarinnar R-76966 vestur Ártúnsbrekku í Reykjavík. Veitti lögreglan eftirtekt bifreiðinni og mældi hraða hennar með ratsjá úr lögreglubifreið 202, sem ekið var austur Miklubraut í Ártúnsbrekku. Mældist hraði bifreiðarinnar R-76966 samkvæmt ratsjarmælingunni 101 km m.v. klst. Var akstur bifreiðarinnar stöðvaður og haft tal af ökumanni. Í Ártúnsbrekku, þar sem mæling fór fram, er heimilaður hámarkshraði 60 km m.v. klukkustund.

Í frumskýrslu lögreglu er skráð, að í viðtölum við ákærða hafi hann talið sig hafa ekið á um 85 kílómetra hraða m.v. klst., en að hann hefði aukið hraða bifreiðarinnar til að liðka um fyrir umferð. Í framburðarskýrslu ákærða hjá lögreglu sama dag er skráð: „Mætti kvaðst ekki í sjálfu sér geta rengt þessa mælingu, en taldi möguleika á, að þessum hraða hefði hann náð í mjög stuttan tíma, er hann jók hraðann við að færa sig milli akreina.“

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt í sakadómi Reykjavíkur 15. október 1990, en því hafnaði hann.

Þeir lögglumenn, er stöðvuðu akstur ákærða 12. ágúst 1990, voru kvaddir til skýrslutöku hjá lögreglu 13. nóvember 1990. Skýrðu þeir frá því, að umræddan dag hefði bifreið ákærða verið ekið fremst bifreiða vestur Ártúnsbrekku, þá er mæling fór fram, og hefði henni þar sýnilega verið ekið með mestum hraða. Lögglumennirnir skýrðu frá því, að þá er bifreið ákærða hefði komið inn í ratsjárgeislann, hefði ratsjarmælitækið sýnt 101 km hraða m.v. klst. Lögglumennirnir kváðust þess fullvissir, að engar aðrar bifreiðar hefðu getað haft áhrif á mælinguna, þar sem bifreið ákærða hefði verið langt á undan öðrum bifreiðum.

Fyrir dómi skýrði ákærði frá því, að hann hefði ekið bifreiðinni R-76966 vestur Ártúnsbrekku í Reykjavík sunnudaginn 12. ágúst 1990. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni á vinstri akrein, þar til komið hefði verið að efri innkeyrslu að Nesti í Ártúnsbrekku, en þá hefði hann ekið yfir á hægri akrein. Kvaðst ákærði hafa ekið eftir hægri akrein niður í miðja brekkuna, þar til bifreið hefði komið af afrein frá hægri, en þá hefði hann fært bifreiðina yfir á vinstri akrein til að liðka um fyrir umferð. Ákærði kvaðst hafa litið snögg á hraðamæli bifreiðarinnar, þegar hann veitti athygli stöðvunarmerki lögreglu, en það kvað ákærði hafa verið, er hann hefði sveigt af hægri yfir á vinstri akrein. Kvað ákærði hraðamæli bifreiðarinnar þá hafa sýnt 80 km m.v. klst. Ákærði bar fyrir dómi, að sá möguleiki væri hugsanlegur, að hraði bifreiðarinnar hefði þá ef til vill minnkað, frá því er hann hefði haft akreinskípti.

Fram kom hjá ákærða fyrir dómi, að stálþil, svonefnt akrið, væri á milli akreina í Ártúnsbrekku. Taldi hann, að þil þetta hefði verið í sjónlínu bifreiðar sinnar og lögglubifreiðarinnar og hefði getað haft áhrif á ratsjarmælinguna.

Fyrir dómi var ákærði spurður út í framburð sinn hjá lögreglu 12. ágúst 1990, þar sem bókað var eftir honum, að hann rengdi ekki mælingu lögreglu 12. ágúst 1990 og að hann hefði náð „þessum hraða“ í stuttan tíma, er hann jók hraðann við að færa sig á milli akreina. Kvaðst ákærði í framburði sínum hafa verið að vísa til þess, að hann æki þessa leið að jafnaði á 60 til 80 km hraða m.v. klst. Í þessum orðum hefði ekki verið fólgin játning á hraðamælingu lögreglu.

Fyrir dóminn hafa verið kvödd nokkur vitni. Eru það lögglumenn þeir, er afskipti höfðu af akstri ákærða 12. ágúst 1990. Þá kom fyrir dóm Gunnar Sigurðsson lögglumaður, er tók af ákærða framburðarskýrslu sama dag. Einnig komu fyrir dóminn tveir farþegar, er voru í bifreið ákærða, þá er mæling fór fram. Að lokum kom fyrir dóminn Haraldur Sigurðsson, yfirverkfræðingur hjá Pósti og síma, sérfræðingur um gerð

ratsjarmælitækja. Verður nú gerð grein fyrir framburði ofangreindra vitna.

Vitnið Erlendur Jónsson var annar þeirra tveggja lögreglumanna, er afskipti höfðu af akstri ákærða. Fyrir dómi kvaðst vitnið muna glögglega eftir því, er bifreið ákærða hefði verið stöðvuð vegna of hraðs aksturs í Ártúnsbrekku. Hefði lögreglan veitt eftirtekt bifreið ákærða, þar sem henni hefði verið ekið vestur Miklubraut, og hefði hún þar farið fremst í flokki bifreiða. Hefði hraði bifreiðarinnar mælst 101 km m.v. klst. Vitnið kvað bifreið ákærða hafa verið komna niður fyrir akrið í Ártúnsbrekku, þá er mæling fór fram. Á þeim tíma hefði lögreglubifreiðin verið komin yfir Elliðaárbrýr á austurleið. Vitnið kvað aðstæður á mælingarstað hafa verið góðar, þó hefði verið skýjað og einhver dumbungur yfir. Vitnið skýrði frá því, að það hefði verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar, þá er mæling fór fram, en lögreglumaðurinn Páll Magnússon hefði stjórnað ratsjarmælitækinu. Að mælingu lokinni hefði bifreið ákærða verið stöðvuð og honum tjáður mældur hraði. Vitnið var innt eftir því, hvort akrið á Miklubraut hefði verið í sjónlínu á milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðar ákærða, þá er mæling fór fram, og kvaðst vitnið þess fullvisst, að svo hefði ekki verið.

Vitnið kom aftur fyrir dóm 28. febrúar 1991. Var vitnið þá beðið að gera nánari grein fyrir staðsetningu bifreiðar ákærða, þá er mæling fór fram, svo og staðsetningu lögreglubifreiðarinnar á sama tíma. Vitnið merkti staði bifreiðanna inn á uppdrátt af vettvangi.

Páll Magnússon lögreglumaður kom fyrir dóm 12. febrúar 1991. Framburður vitnisins var um atvik samhljóða framburði lögreglumannsins Erlends Jónssonar. Vitnið gerði nánari grein fyrir staðsetningu bifreiðar ákærða, er mæling fór fram, og kvað hana hafa verið stadda rétt ofan við afrein frá Bildshöfða, er ákærði hefði sveigt yfir á vinstri akrein. Vitnið skýrði frá því, að akrið á vegi hefði ekki verið í sjónlínu á milli bifreiðar ákærða og lögreglubifreiðarinnar við mælinguna, og hefði engin bifreið verið nálægt bifreið ákærða, er áhrif gat haft á mælinguna.

Vitnið gerði grein fyrir því, að ratsjarmælitækið mældi bifreiðar ýmist með því, að lögreglubifreiðin væri kyrrstæð eða á ferð. Væri takki á ratsjarmælitækinu, er væri notaður til að skipta þar á milli. Vitnið kvaðst þess fullvisst, að ratsjain hefði verið stillt miðað við, að lögreglubifreiðin væri á ferð, þá er mæling fór fram umræddan dag. Vitnið kvaðst á þessum tíma ekki hafa lokið námskeiði í meðferð ratsjartækja, en hefði þó starfað töluvert við mælingar fyrir þann tíma.

Vitnið Gunnar Sigurðsson lögreglumaður hefur komið fyrir dóminn til skýrslugjafar, en það skráði framburð ákærða í lögregluskýrslu á lögreglustöð. Vitnið kvaðst ekki muna sérstaklega eftir málinu. Vitnið staðfesti fyrir dómi rétt skráð efni framburðarskýrslu ákærða á lögreglustöð.

Fyrir dóm hafa komið vitnin Ásmundur Daniélsson og Ásdís Elfa Pétursdóttir, en þau voru farþegar í bifreið ákærða, þá er hraðamæling lögreglu fór fram. Fram kom við yfirheyrslur yfir vitnunum, að þau mundu óglöggt eftir atvikum umræddan dag og kváðust ekki geta gert sér grein fyrir hraða ákærða, þar sem þau hefðu ekki litið á hraðamæli bifreiðarinnar. Þá gátu vitnin ekki gert grein fyrir staðsetningu annarra bifreiða í Ártúnsbrekku, þá er ákærði ók þar um 12. ágúst 1990, áður en lögregla hafði afskipti af honum.

Loks kom fyrir dóminn Haraldur Sigurðsson, yfirverkfræðingur hjá Pósti og síma, sérfræðingur um gerð og útbúnað ratsjarmælitækja. Vitnið gerði grein fyrir því, hvernig ratsjarmælitæki lögreglunnar starfa við aðstæður líkar þeim, þá er mæling lögreglunnar fór fram í Ártúnsbrekku 12. ágúst 1990. Vitnið kvað akrið á vegi ekki trufla mælingu lögreglu nema þá þannig, að ratsjárgeisli endurkastaðist af akriðinu, en við það sýndi mælitækið engan mældan hraða. Ef ratsjain hefði mælt hraða bifreiðar ákærða á 101 km m.v. klst., þá væri það sá hraði, sem leggja bæri til grundvallar með tilliti til skekkjumarka í mælingu ratsjárinnar.

Vitnið kvað ratsjarmælitækið starfa með þeim hætti, að það mældi hraða bifreiða ýmist með því, að lögreglubifreiðin væri í kyrrstöðu eða á hreyfingu. Væri þá notaður sérstakur takki á ratsjarmælitækinu, er væri stilltur miðað við það, hvort lögreglubifreiðin væri kyrrstæð eða á ferð. Ef mælitækið væri stillt með þeim hætti, að mæla ætti úr kyrrstæðri lögreglubifreið, en hún væri engu að síður á ferð, þá legði ratsjarmælitækið saman hraða lögreglubifreiðarinnar og hraða þeirrar bifreiðar, er ratsjárgeislinn næmi. Þá gerði vitnið grein fyrir því, að þættir eins og útleiðsla í lögreglubifreið og háspennulínur gætu haft áhrif á ratsjarmælitæki, en þá með þeim hætti, að mælitækið yrði óvirkt, og kæmi þá enginn fastur aflestur.

Dómarinn hefur gengið á vettvang og kannað aðstæður.

#### *Niðurstöður.*

Í ákæruskjali er ranglega farið með hraða bifreiðar ákærða, en þar á hann réttilega að vera skráður 101 km hraði m.v. klst., og er það í samræmi við önnur gögn málsins. Um er að ræða augljósa ritvillu, og þykir þetta misræmi eigi koma í veg fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, og er frávisunarkröfu lögmanns ákærða því hafnað.

Svo sem fram kemur hér að framan, gætir verulegs ósamræmis í framburði ákærða annars vegar og framburði lögreglumannanna tveggja hins vegar um það, hver hraði ákærða hafi verið, þá er lögregla hafði afskipti af akstri hans í Ártúnsbrekku. Við meðferð málsins hefur ákærði haldið

því fram, að hann hafi ekki ekið hraðar en á 80 km hraða m.v. klst. Fram hefur komið í máli lögreglumannanna hins vegar, að ákærði hafi mælst á 101 km hraða. Er framburður lögreglumannanna í veigamiklum atriðum samhljóða og ekkert það fram komið, sem veikir hann. Verður hann því lagður til grundvallar.

Ekkert er fram komið í málinu, sem veikir hraðamælingu lögreglu. Fram hefur komið, að lögregla hafi mælt hraða bifreiðar ákærða 101 km m.v. klst., og er sú mæling færð í dagbók lögreglunnar, en ljósrit úr henni liggur frammi í málinu. Þar kemur einnig fram, að ratsjain hafi verið prófuð fyrir og eftir mælingu, og er dagbókin undirrituð af báðum lögreglumönnum. Þá þykir framburður ákærða hjá lögreglu vandskýrður með öðrum hætti en svo, að hann hafi viðurkennt mældan hraða lögreglu, þrátt fyrir það að hann hafi fyrir dómi talið sig hafa verið að vísa til þess, hve hratt hann æki þessa leið yfirleitt.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, svo og framburðar vitnisins Haralds Sigurðssonar, yfirverkræðings hjá Pósti og síma, telst sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ekið bifreiðinni R-76966 vestur Miklubraut í Ártúnsbrekku að kvöldi sunnudagsins 12. ágúst 1990 með allt að 101 km hraða m.v. klst. Með þessum hraðakstri braut ákærði gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

1968 6/5 Árnessýsla. Sátt: 300 kr. sekt f. brot g. umfl.

1968 3/10 Árnessýsla. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökul. 6 mán. frá 3.10.'68.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir refsingin samkvæmt því, er að framan greinir, hæfilega ákveðin 9.000 króna sekt til ríkissjóðs. Ákveðst vararefsing sektarinnar þriggja daga varðhald, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 kr.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Haukur Guðmundsson, greiði 9.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald þrjá daga, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr.

---